



STARFSREGLUR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR HS Veitna hf.

1. Markmið

- 1.1. Markmið endurskoðunarnefndar HS Veitna hf. er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á störfum nefndarinnar. Störf og ábyrgð endurskoðunarnefndar breyta í engu ábyrgð og skyldum stjórnenda félagsins og stjórnar þess samkvæmt lögum.

2. Nefndarmenn

- 2.1. Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn félagsins. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund og skal starfa fram að næsta aðalfundi félagsins. Nefndin skal kjósa eða tilnefna formann, sem kemur fram fyrir hönd nefndarinnar. Stjórn gerir tillögu að þóknun nefndarmanna og skal sú ákvörðun staðfest á aðalfundi félagsins.
- 2.2. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins. Meirihluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður félagini og daglegum stjórnendum þess. Forstjóri félagsins og aðrir daglegir stjórnendur þess skulu ekki eiga sæti í nefndinni. Stjórn metur óhæði nefndarmanna í samræmi við skilgreiningu á óháðum stjórnarmönnum í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 2.3. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal a.m.k. einn nefndarmanna hafa staðgöða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.
- 2.4. Allir nefndarmenn skulu, með sannanlegum hætti, fá eintak af starfsreglum þessum er þeir taka sæti í nefndinni í fyrra sinn. Þeim skal jafnframt gerð aðgengileg gögn sem teljast nauðsynleg nefndarmönnum í starfi sínu, í skriflegri eða rafrænni útgáfu. Til slíks gagna teljast samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar, reglur um innherjaviðskipti frá Fjármálaeftirlitinu, leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, reglur Kauphallar fyrir útgefendur, hlutafélagalög, ársreikningalög og lög um endurskoðendur, auk alþjóðlegra endurskoðunarstaðla, ISA.

3. Heimildir

- 3.1. Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt verklagsreglum þessum og í samræmi við þær reglur sem gilda um upplýsingaöflun stjórnar.
- 3.2. Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn og ytri endurskoðendum og hefur heimild til að kalla til stjórnendur og starfsmenn á fundi nefndarinnar. Hún getur óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá þeim sem nauðsynlegar eru til að nefndin geti sinnt starfi sínu.
- 3.3. Endurskoðunarnefnd er heimilt að leita ráða og aðstoðar frá utanaðkomandi sérfræðingum, lögfræðingum eða endurskoðendum til að sinna skyldustörfum sínum en nefndin skal upplýsa stjórn fyrirfram sé slíkt gert.
- 3.4. Starfsmenn HS Veitna hf. skulu hafa óheftan aðgang að endurskoðunarnefnd.

4. Ábyrgð

- 4.1. Endurskoðunarnefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda þess og ytri endurskoðenda þess í tengum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengast innra eftirliti.

- 4.2 Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 7. gr. þessara reglna og í samræmi við 108.gr.b.laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

5. Hæfi

- 5.1. Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Um sérstakt hæfi nefndarmanna skal fara að stjórnsýslulögum nr. 37/1993, II. kafla. Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt og upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á hæfi skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis.

6. Fundir

- 6.1 Endurskoðunarnefnd skal halda að lágmarki þrjá fundi á ári. Formaður nefndar boðar til fundar að eigin frumkvæði eða að ósk annars nefndarmanns, forstjóra félagsins eða endurskoðanda félagsins. Dagskrá og öðrum fundargögnum skal dreift til nefndarmanna með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnenndur félagsins eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar. Forstjóri skal vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.
- 6.2 Fundir nefndarinnar eru lögmætir ef allir nefndarmenn sækja fund. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála. Atkvæðagreiðsla er endanleg um lyktir máls. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal honum heimilt að taka þátt í fundinum í síma eða með fjarfundarbúnaði.
- 6.3 Nefndin kýs ritara endurskoðunarnefndar. Ritari sér um boðun funda í umboði formanns nefndarinnar. Ritari skal undirbúa dagskrá funda og afhenda fyrirfram til nefndarmanna með sama fyrirvara og önnur gögn. Ritari varðveitir gögn nefndarinnar þannig að þau séu aðgengileg á hverjum tíma fyrir nefndarmenn. Aðgangur að gögnum skal vera takmarkaður og öruggur.
- 6.4 Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af fundarmönnum og afrit afhent nefndarmönnum og stjórn. Fundargerðir skulu varðveittar í númeraröð.
- 6.5 Á fyrsta fundi eftir aðalfund félagsins skal endurskoðunarnefnd setja sér starfsáætlun fyrir starf endurskoðunarnefndar innan ársins sem tryggir að allir þættir sem nefndinni ber að sinna sé sinnt, sbr. 7. gr. þessara reglna.

7. Hlutverk og helstu verkefni

- 7.1 Endurskoðunarnefnd skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnumendum og ytri endurskoðendum. Nefndin skal yfirfara eins og kostur er að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfum félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.
- 7.2 Endurskoðunarnefnd skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnda.
- 7.3 Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnda eða annarra:

a. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir reikningsskil og helstu álitaefni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnumendum félagsins við gerð ársreiknings og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana.

Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp milli stjórnda og endurskoðenda við reikningsskilagerðina.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir skýrslu stjórnar félagsins áður en hún er gefin út.

Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með með að skýrslugjöf til opinberra aðila sé með tryggum hætti.

b. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins og áhættustjórnun.

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn félagsins tryggi með stefnu sinni og verlagsreglum að félagið hafi skjalað innra eftirlit á þann hátt að innleiddar eftirlitsaðgerðir séu tengdar þeim áhættum sem þeim er ætlað að verja eða draga úr, auk þess að það beri með sér hvert sé markmið með eftirlitinu.

Nefndin yfirfer með stjórnendum félagsins, og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring virki sem skyldi. Komi fram annmarkar á innra eftirliti skal endurskoðunarnefnd fylgja eftir útbótum á þeim. Nefndin skal enn fremur hafa eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu.

c. Eftirlit og yfirfærslu á endurskoðun ársreikninga.

Endurskoðunarnefnd skal hitta ytri endurskoðendur félagsins og fara yfir umfang endurskoðunar og endurskoðunaráætlun.

Endurskoðunarnefnd skal hitta ytri endurskoðendur félagsins og fara yfir helstu niðurstöður endurskoðunarvinnunnar. Nefndin skal m.a. spryja að því hvort sérstök atriði hafi komið upp við endurskoðunina sem endurskoðendur vilja vekja athygli á, hvort ágreiningur hafi komið upp milli endurskoðenda og stjórnenda og hvort endurskoðendur hafi fengið þann aðgang að upplýsingum sem þeir óskuðu eftir við endurskoðunina. Nefndin skal sömuleiðis afla upplýsinga frá stjórnendum félagsins hvort þeir hafi athugasemdir við endurskoðunina í samræmi við starfsemi félagsins.

Endurskoðunarnefnd skal fá til yfirferðar skýrslur um endurskoðunarvinnuna og endurskoðunarskýrslu. Í skýrslunni skulu koma fram mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina og sérstaklega gerð grein fyrir veikleikum í innra eftirliti við gerð reikningsskila, sbr. 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp í tengslum við endurskoðunina.

Endurskoðunarnefnd skal hafa til hliðsjónar m.a. lög nr. 79/2008 um endurskoðendur, lög nr. 3/2006 um ársreikninga og alþjóðlega endurskoðunarstaðla ISA.

d. Mat á óhæði ytri endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Við mat á óhæði ytri endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis skal nefndin fylgja viðmiði liðar 2.3. í Leiðbeiningum Viðskiptaráðs. Endurskoðunarnefnd fer yfir að ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðun sé fylgt, m.a. að ytri endurskoðandi félagsins taki sé hlé frá endurskoðun hans í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið og að endurskoðenda sé óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

Endurskoðunarnefnd skal móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda árlega að hann sé óháður félagini. Nefndin skal enn fremur afla upplýsinga um aðra þjónustu sem endurskoðandinn veitir félagini og leggja mat á hvort sú þjónusta komi í veg fyrir óhæði hans. Nefndin skal athuga árlega hvort endurskoðunarfyrirtækið birti árlega á heimasíðu sinni skýrslu um gagnsæi, sbr. 29. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur.

Í mati endurskoðunarnefndar á óhæði endurskoðanda skal nefndin gæta þess að endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki eiga að vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Endurskoðunarnefnd skal meta störf endurskoðandans.

e. Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

f. Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd skal að lágmarki árlega og eigi síðar en á síðasta stjórnarfundi fyrir aðalfund, gefa skýrslu til stjórnar um störf og niðurstöður verkefna nefndarinnar á árinu. Auk þess skal hún sjá til þess að stjórn fái reglulega upplýsingar um helstu störf nefndarinnar.

Að minnsta kosti árlega skal nefndin meta skilvirkni sína ásamt því að fara yfir og endurskoða starfsreglur þessar. Endurskoðunarnefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar eða aukningu á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

8. Trúnaðar- og þagnarskylda

- 8.1 Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar málefni félagsins, viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna félagsins eða önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Nefndarmönnum er óheimilt að nýta þær upplýsingar og þau gögn sem þeir fá vegna starfa sinna fyrir félagið í öðrum störfum sínum ótengdum félaginu.

- 8.2 Nefndarmaður skal varðveita tryggilega þau gögn sem hann fær afhent frá félaginu í tengslum við starf sitt. Þegar hann hættir störfum skal hann sjá til þess að gögn, sem hann hefur mótttekið í sambandi við nefndarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

9. Úrsögn úr endurskoðunarnefnd

- 9.1. Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja sig úr endurskoðunarnefnd. Þá er meirihluta stjórnar félagsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án fyrirvara. Stjórn félagsins skal skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri í stað þess sem víkur sæti og innan mánaðar.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi félagsins hinn 24. júní 2022,

Í stjórn HS Veitna hf:

Frá Reykjanesbæ

Guðný Birna Guðmundsdóttir, formaður stjórnar *Guðný Birna Guðmundsdóttir*

Guðbrandur Einarsson, ritari stjórnar *Guðbrandur Einarsson*

Baldur Þórir Guðmundsson, meðstjórnandi *Baldur Þórir Guðmundsson*

Kolbrún Jóna Pétursdóttir, varamaður *Kolbrún Jóna Pétursdóttir*

Frá HSV Eignarhaldsfélagi slhf.

Heiðar Guðjónsson, varaformaður stjórnar

Kristín Erla Jóhannsdóttir, meðstjórnandi

Ómar Örn Tryggvason, meðstjórnandi

Starfsreglur endurskoðunarnefndar